

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 140/1129

komudagur 21.2. 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. febrúar 2012

1112001HA MKH/  
Málalykill: 613

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgöngu- áætlun fyrir árin 2011–2014, 392. mál, og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022, 393. mál

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands föstudaginn 17. febrúar 2012 voru lögð fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til fjögurra ára 2011–2014, 392. mál - þskj. 533, og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til 12 ára 2011–2022, 393. mál - þskj. 534. Eftirfarandi umsögn var samþykkt samhljóða:

*Stjórn Hafnasambands Íslands hefur tekið til umfjöllunar tillögu að þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014 og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022. Hafnasambandið leyfir sér að senda eina umsögn um báðar tillögurnar.*

*Tillaga að þingsályktun um samgönguáætlun 2011 til 2022 er viðamikil og um margt metnaðarfull tillaga í samgöngumálum. Umsögn Hafnasambands Íslands beinist eingöngu að þeim þætti sem varðar beint hafnir og hafnamál.*

*Þau atriði sem Hafnasamband Íslands gerir athugasemdir og ábendingar um eru eftirfarandi:*


- *Á það er bent að hafnir, sem hluti innviða í samgöngum á Ísland, eru mikilvæg samgöngum og efnahagslífi. Þeir fjármunir sem áætlað er að verja til hafnaframkvæmda á tímabili fjögurra ára áætlunar og langtímaáætlunar eru naumt skammtaðir. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun hafnalaga og standa vonir eigenda hafna til þess, að með endurskoðun á gildandi lögum varðandi framkvæmdastyrki þá verði nauðsyn á að hækka framlag til hafnaframkvæmda á tímabili áætlanna.*
- *Mikilvægt er að skerpa á fyrirætlun um mótun stefnu í hafnamálum og hlutverki hafna í samgöngukerfi landsins. Á síðustu árum hefur rekstur allflestra hafna verið afar bágborinn og geta þeirra til endurnýjunar og nýframkvæmda mjög lítil. Til framtíðar litið er nauðsynlegt að horfa til þess hvaða hafnir eigi að uppfylla gæðakröfur um aðstöðu og öryggi til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Gæðakröfur í höfnum hafa í raun ekki verið skilgreindar heldur byggð hafnarmannvirki sem þjóna í senn vöruflutningum, fisklöndun, ferðaþjónustu og móttöku farþega. Átaks er þörf í þessum efnum að teknu tilliti til stærðar hafna og umsvifa.*

- *Það er skoðun Hafnasambands Íslands að skilja eigi áætlun um ferjuleiðir og aðstöðu fyrir ferjur frá umfjöllun um hlutverk hafna og framkvæmdum í höfnum. Ákvörðun um ferjuleiðir, rekstur ferja og uppbyggingar aðstöðu fyrir ferjur á að vera alfarið hjá ríkisvaldinu og eðlilegt að stefna í þeim efnum sé mótuð sérstaklega á þess vegum.*
- *Hafnasamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með að horfa eigi til sjóflutninga sem raunhæfs valkostar vöruflutninga á landinu.*

*Hafnasamband Íslands áréttar mikilvægi þess að horft verði til mikilvægis hafna í samgöngukerfi landsins. Í því efni er brýnt að þær hafnir sem nú þegar hafa verið byggðar og gegna lykilhlutverki í flutningum og útgerð verði sjálfbærar, en að öðrum höfnum sem eru forsenda atvinnulífs í byggðarlögum verði gert kleift að standa undir endurnýjun mannvirkja og nauðsynlegum nýframkvæmdum.*

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri við háttvirta umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Nánari upplýsingar veitir formaður Hafnasambands Íslands, Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna.

Virðingarfyllt  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður HÍ